

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1684**  
**komudagur 20.2.2013**

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 19. febrúar 2013

Tilvísun: 2013010128VEL/-

### **Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í barnavernd.**

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar, dags. 24. janúar 2013, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í barnavernd (458. mál á 141. löggjafarþingi 2012-2013, þskj. 582).

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að samþykkt verði framkvæmdaáætlun í barnavernd sem skuli gilda fyrir árið 2013 og fram að sveitarstjórnarkosningum 2014. Persónuvernd fagnar slíkri framkvæmdaáætlun og telur að gera megi fleiri slíkar áætlanir í tilteknum málaflokkum.

Í framkvæmdaáætluninni er farið yfir ýmis atriði, s.s. aðgerðir til eflingar barnaverndarstarfs, þjónustu og verklags. Enn fremur er gert ráð fyrir ýmsum tilraunaverkefnum og samstarfi við bæði innlendar og erlendar stofnanir. Þá er í lið 3.2.9. gert ráð fyrir bættri skráningu upplýsinga en af því tilefni bendir Persónuvernd á að nauðsynlegt er að gæta að ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og þá sérstaklega ákvæðum laganna um öryggi persónuupplýsinga, sbr. 11.-13. gr. laganna.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst

  
Vigdís Eva Lindal